

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK



Reykjavík, 11. febrúar 2008.

Umsögn Alþjóðahúss um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þskj. 207, 192. mál:

Alþjóðahús styður frumvarp þetta heils hugar enda hafa hingað leitað konur sem hafa stundað vændi og jafnvel verið neyddar út í það. Það verður og að líta til þess að vændi er ein birtingarmynd kynferðisofbeldis og að um aðstöðumun er að ræða milli þess er selur vændið og þess er kaupir.

Engar forsendur eru til að líkja kaupum á vændi við hver önnur viðskipti þar sem jafnræði er með aðilum. Sá sem kaupir sér vændi veldur þeim er þjónustuna veitir bæði líkamlegu og andlegu tjóni. Sjálfsvirðing og sjálfsmýnd einstaklingsins bíður varanlegan hnekki, geðræn vandamál eru tíð meðal kvenna í vændi auk þess sem þær búa við ýmiss konar líkamlega vanheilsu. Reynsla þeirra sem leitast við að aðstoða einstaklinga í vændi, s.s. Stígamóta á Íslandi og Reden í Kaupmannahöfn og systurstofnana þess um Evrópu, sýnir að þeir sem stunda vændi gera það út úr neyð og er þeim í raun nær ókleift að losna út úr vændinu þó vilji standi til þess. Meirihluti einstaklinga í vændi eru og undir stjórn glæpamanna, sem líta á þá sem verslunarvöru. Með því að kaupa vændi er kaupandinn að styðja við bakið á ólöglegri verslun með fólk. Að mati Alþjóðahúss verður aldrei stemmt stigu við því alvarlega og alþjóðlega vandamáli sem mansal er, nema með því að ráðast gegn vændi í leiðinni, viðurkenna eðli þess og orsakir og hafna misnotkun á þeim sem leiðst hafa í vændi sökum erfiðra aðstæðna. Því styður Alþjóðahús heilshugar að fylgt verði fordæmi Svía, að vændi verði viðurkennt sem kynferðisofbeldi og að þeim sem kaupir sér vændi verði refsað á sama hátt og öðrum kynferðisbrotamönnum.

f.h. Alþjóðahúss

Margrét Steinarsdóttir
lögfræðingur Alþjóðahúss